



## Stjórn SSH 476. fundur

Þriðjudaginn 25. september 2019, kl. 08:00, kom stjórn SSH saman til fundar á skrifstofu SSH, Hamraborg 9, Kópavogi.

Fundinn sátu: Rósa Guðbjartsdóttir formaður, Ármann Kr. Ólafsson, Haraldur Sverrisson, Dagur B. Eggertsson, Ásgerður Halldórsdóttir, Gunnar Einarsson, og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH sem ritaði fundargerð.

Gestir fundarins voru Birgir Björn Sigurjónsson og Guðrún Edda Finnbogadóttir úr samninganefnd SSH og Hrafnkell Á. Proppé frá SSH.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

### 1. Samgöngumál á höfuðborgarsvæðinu – aðgerðir og verkefni framundan / málsnr. 1903002

- Samkomulag um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguinnviðum, þar með talið innviðum almenningsamgangna, á höfuðborgarsvæðinu til 15 ára, þ.e. til og með ársins 2033.
- Samkomulag varðandi rekstur almenningsamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar:

Stjórn SSH samþykkir að vísa samkomulaginu sbr. a og b lið til sveitarfélaganna til umræðu og afgreiðslu að lokinni undirskrift.

Er framkvæmdastjóra falið að taka saman megin atriði samkomulagsins og helstu breytingar frá fundi sveitarfélaganna í Fagralundi 11. september. Þá einnig að senda samninginn til aðildasveitarfélaganna til efnislegrar umfjöllunar og afgreiðslu að lokinni undirskrift. Jafnframt felur stjórn framkvæmdastjóra að fylgja málinu eftir með kynningu í borgarráði og bæjarráðum, verði eftir því óskað.

### 2. Aðalfundur SSH.

Fyrir liggur tillaga um að Aðalfundur SSH verði haldinn 15. nóvember 2019 í Hafnarfirði.

Umræður.

#### Niðurstaða fundar.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi tillögu og felur framkvæmdastjóra að hefja nauðsynlegan undirbúning vegna aðalfundarins.

Ekki fleira gert. Fundi lauk kl. 09:10

Páll Björgvin Guðmundsson  
Fundarritari.